

FUNDARGERÐ

138. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Skrifstofa Mýrdalshrepps.

Fundartími: Þriðjudagur 13. mars 2007 kl. 16:00.

Mættir: Undirritaðir aðalmenn fræðslunefndar ásamt áheyrnarfulltrúum.

Ritari fundarins: Sveinn Pálsson sveitarstjóri.

Formaður, Björgvin Jóhannesson setti fund og stjórnáði.

Gerðir fundarins:

I. Leikskólinn.

Mættar eru Aðalheiður Sigþórsdóttir leikskólastjóri, Hjördís Rut Jónsdóttir fulltrúi leikskólakennara og Salome Valdimarsdóttir fulltrúi foreldra..

1. Ársuppgjör 2006.

Skv. ársuppgjöri fór rekstur ársins um 2 millj. kr. fram úr áætlun eða um 12%. Helstu skýringar eru hækkun lífeyrisskuldbindinga og húsaleigu umfram áætlun, námskeið ófaglærðs starfsfólks sem ekki var áætlað fyrir og kaup á innréttingum sem átti að færa á árið 2007.

2. Bréf 8. svæðadeildar Félags leikskólakennara dags. 3. mars 2007.

Með bréfinu er m.a. upplýst að haustþing félagsins verði 21. september 2007 og sveitarstjórnir hvattar til að loka leikskólum sínum þann dag. Fræðslunefnd samþykkir að tillögu félagsins.

3. Önnur mál.

- a) Aðspurð svarar Aðalheiður því að elstu börn leikskólans fái ekki sér skólatíma þar sem þau séu aðeins þrjú. Hins vegar fái þau sambærilegan undirbúning með yngri börnum. Varðandi vorskólann er boðið viðbragða grunnskólans.
- b) Leikskólinn er fullskipaður.

Aðalheiður, Hjördís og Salome yfirgefa fundinn.

Á fundinn er mættur Kristinn Jóhann Níelsson tónskólastjóri.

II. Tónskólinn

1. Ársuppgjör 2006.

Skv. ársuppgjöri fór rekstur ársins um 1 millj. kr. fram úr áætlun eða um 12%. Helstu skýringar eru hækkun lífeyrisskuldbindinga og húsaleigu umfram áætlun.

2. Kynning á starfsemi tónskólans.

Kristinn gerir grein fyrir starfi skólans og viðburðum sem framundan eru. Bítlatónleikar verða næsta miðvikudag og sköpunartónleikar næsta laugardag. Nemendum í 2. bekk er nú boðið upp á hljóðfæranám í tilraunaskini. Staðan verður metin í vor og gerð tillaga að fyrirkomulagi kennslu næsta vetur. Kristinn stefnir að því að ljúka skráningu fyrir næsta skólaár fyrir lok þessa. Gróska er í skólastarfinu.

3. **Afmæli tónskólans.**

Á vordögum eru 15 ár frá stofnun Tónskóli Mýrdælinga (áður hafði Tónskólinn í Vík starfað frá 1981).

Kristinn yfirgefur fundinn.

Á fundinn mæta Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri, Gunnar Halldórsson fulltrúi kennara og Kristján Kristjánsson fulltrúi foreldra.

III. **Grunnskólinn**

1. **Ársuppgjör 2006.**

Skv. ársuppgjöri fór rekstur ársins rúmar 3 millj. kr. fram úr áætlun eða um 4%. Helstu skýringar eru hækkun lífeyrisskuldbindinga og húsaleigu umfram áætlun, uppsetning tölvubúnaðar, kaup á brennsluofni og kostnaður varðandi afmæli skólahalds.

Kolbrún vekur athygli á að ekki hafi verið tekin leiga fyrir afnot á húsnæði skólans þegar t.d. sé um að ræða námskeið á vegum sjálfboðaliðasamtaka sem starfa á svæðinu. Sveitarstóri hvetur skólastjóra til að skila yfirliti yfir slík afnot í lok hvers árs og þá verði skólanum reiknaðar tekjur vegna slíkra afnota þó sjálfboðaliðasamtökunum verði áfram veitt endurgjaldslaus afnot sé þess kostur vegna starfsemi skólans.

2. **Tillaga að kennslustundafjölda skólaárið 2007-2008.**

Sveitarstjórn ákvað við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2007 að skera niður kennslustundafjölda grunnskólans fyrir skólaárið 2007-2008 um sem nemur 1,7 stöðugildum kennara. Ákvörðunin olli óánægju meðal kennara skólans eins og fram kom fram í ályktun þeirra sem lögð var fram á 137. fundi fræðslunefndar. Á þeim fundi var samþykkt að aðilar ynnu saman að farsælli lausn málsins.

Skólastjóri boðaði formann fræðslunefndar, sveitarstjóra og aðstoðarskólastjóra til fundar þann 22. febrúar s.l. þar sem samþykkt var að vinna út frá hugmyndum um 220 kennslustundir og 20-30 sérkennslustundir.

Að höfðu samráði við kennararáð skólans og aðstoðarskólastjóra leggur skólastjóri til að heildarkennslustundamagn skólans minnki úr 274 stundum eins og nú er í 250 stundir eða sem nemur tæpri einni kennarastöðu.

Fræðslunefnd samþykkir fyrir sitt leyti að almennar kennslustundir grunnskólans verði 220 og sérkennslustundir allt að 30.

3. **Bréf menntamálaráðuneytis dags. 9. febrúar 2007.**

Með bréfinu er vakin athygli á að fjórar greinanámskrár hafi verið gefnar út á rafrænu formi á námsskrárvef ráðuneytisins. Lagt fram til kynningar.

4. **Bréf menntamálaráðuneytis dags. 5. mars 2007.**

Með bréfinu er vakin athygli á að birt hafa verið tvenn ný námsskrárdrög til umsagnar á vefsvæði menntamálaráðuneytisins. Lagt fram til kynningar.

5. **Bréf Vitans dags. 22. febrúar 2007.**

Með bréfinu er óskað eftir að Mýrdalshreppur styðji nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda með fjárframlagi.

Fræðslunefnd leggur til að verkefnið sé styrkt með fjárframlagi kr. 20.000,-.

6. **Önnur mál**

- a) Kristján minnir á að kynna beri foreldrum áform um breytingu á kennslustundafjölda skólans og leggur til að foreldrum verði sent bréf í nafni fræðslunefndar.

- b) Námskeið fyrir skólanefndir var haldið í Vík 26. febrúar s.l. á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Allir fulltrúar fræðslunefndar sátu námskeiðið.
- c) Opinn fundur um skólamál var haldinn í Leikskálum 26. febrúar s.l. þar sem kynnt var hlutverk fræðslunefnda, fjallað um samkenslu, skólastefnu sveitarfélaga og rætt um önnur mál sem fundarmönnum lá á hjarta.
- d) Kolbrún gerir grein fyrir starfi grunnskólans s.s. verkefni Lýðheilsustofnunar, *Allt hefur áhrif, einkum við sjálf*. Aðgerðaáætlun er á lokastigi. Samstarf grunn- og tónskóla er með ágætum og nemendur 2. bekkjar fá að sækja námskeið í tónskólanum á tíma grunnskólans. Búið er að sækja í Þróunarsjóð grunnskóla fyrir verkefnið *Uppeldi til ábyrgðar*. Kolbrún upplýsir að sjö nemendur hafi bæst við á skólaárinu.
- e) Bergþóra hvetur til að gert sé ráð fyrir vorskóla leikskólabarna á skóladagatali skólanna.

Kolbrún, Gunnar og Kristján yfirgefa fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 19:45

Inger Schiöth	Björgvin Jóhannesson Formaður	Bergþóra Ástþórsdóttir
Guðný Sigurðardóttir	Sveinn Pálsson Sveitarstjóri	Andrína Guðrún Erlingsdóttir